

Forsætisnefnd

***Veikindaleyfi kjörins fulltrúa.***

Skrifstofu borgarstjórnar hefur borist tilkynning frá Ásgerði Jónu Flosadóttur, varaborgarfulltrúa Flokks fólksins um veikindaleyfi. Hún hefur jafnframt afhent læknisvottorð dags. 11.10.2021 þar sem fram kemur að hún er óvinnufær í ótiltekinn tíma. Í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg kemur fram að sé borgarfulltrúi forfallaður frá störfum vegna slyss eða veikinda heldur hann launum eigi að síður í allt að einu ári.

Ásgerður var einnig skráð í veikindaleyfi frá 15. janúar 2020 til 1. janúar 2021. Tilkynnist það forsætisnefnd hér með.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar